

**Ed. 1247. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:  
Aftan við 23. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:  
Kostnaður við störf skattstofunnar í Reykjavík greiðist að  $\frac{1}{3}$  hluta úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Utan Reykjavíkur greiðir bæjarsjóður, þar sem skattstjóri er búsettur, kostnað við störf hans að  $\frac{1}{4}$  hluta.
2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist svo:  
Aftan við 56. gr. laganna (nú 64. gr., sbr. lög nr. 20 1942) bætist ný málsg., svolátandi:  
Ráðherra er heimilt, þegar þörf krefur, að breyta tímaákvörðunum þeim og frestum, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara.
3. Við 2. gr. Greinin verður 3. gr.